

Þriðjudaginn 4. febrúar 1992.

Nr. 8/1991.

**Farmanna- og fiskimannasamband Íslands  
vegna Stýrimannafélags Íslands**

(Skúli Pálsson hrl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands vegna  
Gunnars Guðjónssonar sf.**

(Jón H. Magnússon hdl.).

Kjarasamningur. Frídagur. Stýrimenn.

**Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms fyrr í dag, er höfðað með stefnu birtri 9. desember sl.

Stefnandi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Borgartúni 18, Reykjavík, vegna Stýrimannafélags Íslands, s. st.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, Garðastræti 41, Reykjavík, vegna Gunnars Guðjónssonar sf., Hafnarstræti 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að frídagaréttur sá, sem fjallað er um í 26.4 grein kjarasamnings aðila frá 17. febrúar 1987, sbr. 8.0 grein sama samnings, verði talinn ná til þess, þegar skip losar í Helguvíkurböfn á Reykjanesi, nánar tiltekið frá ágúst 1989. Stefnandi krefst málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

I.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að í kjarasamningi aðilanna, dags. 17. febr. 1987, eru í 26.4 grein sérákvæði um olíuskip, þar sem stýrimönnum er tryggður frídagaréttur fyrir vinnu við lestun og losun í heimahöfn, en í grein 8.1.1. eru taldar þær hafnir, sem frídagarétt skapa, þ.e. Reykjavík, Hafnarfjörður, Gufunes, Skerjafjörður, Straumsvík, Keflavík og Njarðvík.

Stefndu hafa hins vegar ekki fallist á, að Helguvík, sem sé innan hafnarsvæðis Keflavíkur og Njarðvíkur, sé heimahöfn í þessum skilningi. Stefnandi, sem sé útgerðaraðili m/s Kyndils, hafi eindregið hafnað greiðsluskyldu á þeim forsendum, að Helguvík sé ekki talin upp í samningum.

Þetta telur stefnandi alranga samningstúlkun og leitar því eftir úrskurði dómsins um túlkun á þeim ákvæðum, sem um þetta fjalla.

Undanfari þessa máls er sá, að áður en höfn var gerð í Helgúvík, var olúförmum til varnarliðsins skipað upp í Keflavíkurbhöfn. Hafnarsvæðið var nefnt Landshöfnin í Keflavík og Njarðvík. Hinn 1. janúar 1990 var landshöfnin sem slík lögð niður, en sveitarfélögin tóku að sér rekstur hafnarsvæðisins, en mörkin voru óbreytt. Heitir svæðið nú Höfnin í Keflavík og Njarðvík.

Öll þjónusta, þ.m.t. hafnsaga við höfnina í Helgúvík, er á vegum hafnarinnar í K og N, og þangað renna öll venjuleg hafnargjöld að undanskildum bryggjugjöldum, sem ekki eru tekin, þar sem varnarliðið bjó höfnina til og á þau mannvirki.

Ný hafnarreglugerð hefur ekki verið gerð eða gefin út, eftir að landshöfnin var niður lögð, og er höfnin nú skv. upplýsingum hafnarstjóra rekin skv. rgj. nr. 494/1986.

Höfnin í Helgúvík er til komin, eftir að samið var um það atriði, sem hér er tekist á um.

Málsástæður og lagarök stefnanda eru helst þau, að með því að hin umdeilda höfn sé innan svæðis hafnarinnar í Keflavík og Njarðvík, sé augljóst, að hún skuli teljast til heimahafnar í skilgreiningu kjarasamningsins. Skilningur stefnda sé út í hött, enda sé um að ræða sömu flutninga og áður, þó að þeir fari nú til annars hluta hafnarinnar, eftir að Helgúvíkurbhöfn var tekin í notkun.

Taka má fram eftirtalin atriði því til stuðnings:

- (1) Helgúvík er innan hafnarsvæðis K-N hafnar.
- (2) Sama farmi er nú skipað upp í Helgúvík en hefði ella farið í Keflavík.
- (3) Flutningurinn er fyrir sama aðila, þ.e. varnarliðið.
- (4) Enginn kostnaðarauki er af þessu fyrir útgerðina, sbr. 2 og 3 hér að framan.
- (5) Samskip h/f hafa greitt þessa frídaga umyrðalaust.
- (6) Öldungis er víst, að H hefði fallið innan þessa ramma, þegar samið var.

Þannig er því haldið fram af hálfu stefnanda, að eðlileg túlkunar-rök hnígi öll í eina átt.

## II.

Stefndi, Gunnar Guðjónsson sf., gerir út olíuskipið Kyndil, sem er í eigu Olís h/f og Skeljungis h/f. Stefndi kveður skipið aðallega

í flutningum á olíu og bensíni frá Reykjavík til dreifingarstöðva eignaraðilanna úti á landi. Komi skipið á 40-50 hafnir á mánuði til að lesta eða losa olíufarma. M/s Kyndill hafi komið í fyrsta sinn til Helguvíkur með olíufarm þann 24. október 1990, en höfnin hafi verið tekin í notkun í ágúst 1989, og fyrsta íslenska skipið hafi komið þangað þann 8. ágúst 1989. Skipið hafi verið í olíuflutningum frá Hvalfirði til Helguvíkur fyrir varnarliðið í apríl 1991. Varnarliðið hafi boðið út flutningana, og hafi Skeljungur h/f fengið verkefnið sem lægstbjóðandi. Þegar unnið hafi verið að því að gera tilboð í flutningana, hafi það m.a. verið lagt til grundvallar, að Helguvík væri ekki heimahöfn, og ekki hafi verið gert ráð fyrir þeim aukakostnaði, sem fylgi því að lesta eða losa farm í heimahöfn. Á tímabilinu frá 11. apríl til 24. apríl 1991 hafi m/s Kyndill komið 17 sinnum til Helguvíkur til losunar, og hafi skipið haft viðdöl í Helguvík í 5 - 6 klst. í hvert sinn.

*Málsástæður og lagarök.*

Stefndi rökstyður sýknuröfu sína með því, að í kjarasamningi aðila sé tæmandi upptalning á því, hvaða hafnir teljist vera heimahafnir. Máli sínu til stuðnings vísar stefndi til fram lagðra kjarasamninga, sjó korta og undirstöðuraka um túlkun kjarasamninga.

Kröfugerð stefnanda sé byggð á því, að Helguvík sé í raun hluti af Keflavíkurhöfn og skuli því teljast vera heimahöfn í skilningi kjarasamningsins.

Þessari fullyrðingu stefnanda er mótmælt sem rangri og ósann- aðri. Helguvíkurhöfn er við ystu mörk hafnarsvæðis Keflavíkur. Hefur orðið fjölgun á heimahöfnum á undanförunum 20 árum. Árið 1969 voru heimahafnir í Reykjavík, Hafnarfirði og Keflavík. Árið 1972 hefur verið bætt við Gufunesi og Skerjafirði, sem eru á hafnarsvæði Reykjavíkur, og Straumsvík, sem er á hafnarsvæði Hafnarfjarðar. Árið 1977 er svo Njarðvík orðin að heimahöfn.

Eins og sjá má af framangreindu, fær fullyrðing stefnanda ekki staðist, þar sem samið er sérstaklega nánast um hverja bryggju, sem fallist er á af hálfu útgerða, að teljist til heimahafnar. Væri fullyrðing stefnanda rétt, þá hefði ekki átt að þurfa að semja sérstaklega um Gufunes og Skerjafjörð, sem eru á hafnarsvæði Reykjavíkur ekki heldur um Straumsvík, sem er innan hafnarsvæðis Hafnarfjarðar, svo að ekki sé minnst á Njarðvík, sem er á sama hafnarsvæði og Keflavíkurhöfn og í næsta nágrenni við hana. Ástæðan

er einfaldlega sú, að útgerðir hafa ekki fallist á það, að allar hafnir á suðvesturhorni landsins skuli teljast heimahafnir með þeim aukakostnaði og takmörkun á vinnuframlagi skipverja, sem reglur um heimahafnir bjóða upp á.

Almenna reglan er sú, að þar sem eru tveir stýrimenn eins og á m/s Kyndli, skila þeir vinnu sinni á tvískiptum vöktum, vinna 6 klst. í senn og fá svo 6 klst. hlé. Þessu vinnufyrirkomulagi er haldið, þó að skip komi til hafnar, fari viðstaða í höfn ekki fram úr 24 klst. Fari viðstaða fram úr 24 klst., er skipt af vöktum yfir í dagvinnu, og eiga þá báðir stýrimennirnir að vera við vinnu um borð á dagvinnutímabilinu, og búa þeir um borð í skipinu. Undantekning frá þessu er, þegar skip kemur til heimahafnar. Þá er skylt að slíta sjóvöktum, óháð því, hve langa viðstöðu skipið hefur í heimahöfninni. Þá þurfa stýrimennirnir ekki heldur að vera báðir um borð í einu, heldur veita heimahafnarákvæðin þeim rétt til að skipta sér, þannig að annar sé um borð og hinn í fríi heima hjá sér, þótt hann sé lögskráður á skipið.

Í ákvæðum kjarasamnings um vinnu og viðveru um borð í skipi í heimahöfnum felst verulegt frávik frá almennu reglunum um vinnuskil. Þar sem um er að ræða undantekningarákvæði frá almennum reglum kjarasamnings um vinnuframlag, ber að túlka þau þröngt og nánast eftir orðanna hljóðan.

Til frekari áréttingar og stuðnings við túlkun stefnda er sú staðreynd, að Sjómannafélag Reykjavíkur gerði kröfu um það, að Helguvík verði gerð að heimahöfn. Af hálfu útgerða hefur verið fallist á þetta, en þar er ekki um afturvirktt ákvæði að ræða.

Stefnanda stendur það sama til boða, þar sem hingað til hafa útgerðir gætt fulls samræmis milli undirmanna og yfirmanna varðandi ákvæði um heimahafnir, sem hafa verið þær sömu hjá báðum hópum.

### III.

Fram er komið í málinu, að um langt árabil hefur verið samið um heimahafnir, sem veita umræddan frídagarétt í kjarasamningum aðila hverju sinni, og að heimahöfnum hefur farið fjölgandi með árunum.

Í grein 8.1.1. í kjarasamningi aðila frá 17. febrúar 1987, sem framlengdur hefur verið óbreyttur, hvað þetta atriði varðar til 15. september 1991, eru tilteknar hafnir taldar upp sem heimahafnir.

Dómurinn telur, að upptalning þessi sé afdráttarlaus og tæmandi. Heimahafnir teljast því ekki aðrar hafnir en þær, sem þar eru sérstaklega tilgreindar. Breytir þar engu, hvort Helguvík telst vera innan hafnarsvæðis Keflavíkur og Njarðvíkur eða ekki. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Samkvæmt þessum málalokum verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 60.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands vegna Gunnars Guðjónssonar sf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna Stýrimannafélags Íslands.

Stefnandi greiði stefnda kr. 60.000 í málskostnað.

Þriðjudaginn 25. febrúar 1992.

Nr. 9/1991.

**Vinnuveitendasamband Íslands**

**f.h. Flugleiða h/f.**

(Hrafnhildur Stefánsdóttir cand.jur.)

gegn

**Félagi íslenskra atvinnuflugmanna**

(Atli Gíslason hrl.).

Kjarasamningur. Flugmenn.

**Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 14. þ.m., er höfðað með stefnu birtri 12. desember 1991.